

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Bæjarhrepps 1995-2015, hringvegur við Hrútafjarðarbotn.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. júlí 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Bæjarhrepps 1995-2015, frá 17. desember 1996.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

1. Lega hringvegur rétt sunnan Brúar breytist þannig að hringvegurinn þverar Hrútafjörð norðar en áður var gert ráð fyrir. Um er að ræða 5,4 km vegarkafla.
2. Einnig er gert ráð fyrir nýjum stofnvegi frá nýja hringveginum út á Djúpveg 61 (Strandaveg) austan Fjarðarhorns, 1,8 km innan Bæjarhrepps.
3. Svæði gamla símsstöðvarhússins á Brú breytist úr svæði fyrir þjónustustofnanir í verslunar- og þjónustusvæði.
4. Núverandi verslunar- og þjónustusvæði á Brú er fellt út.

Skipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Bæjarhrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 9. júlí 2007.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Logi Kjartansson.

B-deild – Útgáfud.: 25. júlí 2007